

gildi. Eptir atvikum er rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur, að því umbedið lögtak fyrir jarðar-tíund 1895—96 snertir, og ber fógétanum að framkvæma lögtak á gjaldi þessu. Að öðru leyti á úrskurðurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn hinn 28. marzmánaðar.

Nr. 43/1897:

Magnús Gunnarsson
gegn

Sigurði Jónassyni.

D ó m u r :

Hinn 1. febrúar f. á. seldi áfrýjandinn Magnús skósmiður Gunnarsson í Reykjavík stefnda Sigurði Jónassyni, bónda á Mosfelli, hest, sem þá var í hagagöngu í Viðey, og á skjali, dags. sama dag, skuldbatt stefndi sig til að greiða hestverðið, 50 krónur, fyrir 1. apríl f. á. Rúmri viku, eptir að kaup þessi gjörðust, drapst hesturinn úr hor í Viðey, og þóttist þá hvorugur málsaðilanna hafa átt hestinn, enda greiddi eigi stefndi hið áskilda kaupverð; en 28. maí f. á. seldi áfrýjandinn kröfu sína um hestverðið í hendur Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni í Reykjavík og ritaði afsal til hans á fyrnefnt skuldbindingarskjal. Kristján höfðaði síðan mál gegn stefnda til greiðslu hestverðsins fyr-

ir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu og lauk því máli þannig, að stefndi í rjettarhaldi 30. júní f. á. sættist á það, að geymdum rjetti sínum gagnvart Magnúsi Gunnarssyni, að borga Kristjáni hin- ar umstefndu 50 kr. með 25 kr. fyrir 1. sept. f. á. og öðrum 25 kr. fyrir árslok síðustu. Með því nú að stefndi áleit áfrýjanda hafa prettað sig með þessari aðferð sinni, krafðist hann þess af honum, að hann bætti sjer útlát þau, er hann hafði orðið að undirgangast við Kristján Þor- grimsson sakir afsalsins á skuldarskjalinu og höfð- aði því mál þetta fyrir gestarjetti Reykjavíkur, og var málið dæmt þar 30. nóv. f. á. með þeim úr- slitum, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi 16. okt. f. á. til borgunardags og í málskostnað 15 krónur.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 6. desbr. f. á., og hefur hann krafizt þess að vera dæmdur algjör- lega sýkn í málinu og að stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum með 50 kr. eða einhverjn nægilegu eptir mati yfir- dómsins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmd- ur í málskostnað til sín með 50 kr. eða einhverju eptir rjettarins mati nægilegu.

Það er upplýst í málinu sumpart með óve- fengdum vitnaframburðum og sumpart með skýrsl- um stefnda, sem eigi hefur verið nógu tímanlega mótmælt af áfrýjanda hálfu, að umræddur hestur var, þegar kaupin gjörðust, nær því dauðvona af

hor og að áfrýjanda var þetta kunnugt, en að hann þó sagði stefnda, er hann seldi honum hestinn, að hesturinn væri í allgóðum holdum og »ekkert út á hann að setja«. Þegar þetta er athugað, og það með, að kaupin gjörðust án þess að stefndi hefði tækifæri eða ástæðu til að rannsaka sjálfur ástand hestsins, er enginn vafi á því, að stefndi gat sagt sig frá kaupunum, enda gjörði hann það einnig, eptir því sem hann hefur haldið fram í málinu og áfrýjandi eigi nægilega mótmælt, þegar er hann fjekk vitneskju um, hvornig hesturinn var á sig kominn. Stefndi var því eigi skyldur að greiða áfrýjanda hið umsamda hestverð, og þar sem áfrýjandi þrátt fyrir þetta framseldi hina skriflegu skuldarviðurkenningu stefnda fyrir hestverðinu öðrum manni og varð með því þess valdandi, að stefndi varð að taka á sig skuldbindingu til að greiða þeim manni hið umsamda hestverð, þá verður yfirdómurinn að fallast á það álit undirdómarans, að áfrýjandanum beri að greiða stefnda upphæð hestverðsins, eins og hann hefur krafizt, með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Yfirdómurinn fellst og á málskostnaðarákvæði undirdómsins og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Eptir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera óraskaður.
 Áfrýjandinn Magnús Gunnarsson greiði stefnda

Sigurði Jónassyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn hinn 18. aprilmánaðar.

Nr. 41/1897:

Guðfinna Sæmundsdóttir
 gegn
 Kristjáni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjerði af áfrýjanda Guðfinnu Sæmundsdóttur gegn stefndum yfirrjettarassessor Kristjáni Jónssyni í Reykjavík til greiðslu á arfi að upphæð 94 kr. 89²/₅ e., er hún telur sjer glataðar fyrir vangæzlu stefnda sem yfirtjárráðanda í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Málið var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 29. apríl f. á þannig, að stefndur Kristján Jónsson var sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn, sem hefur verið veitt gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaður talsmaður, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. okt. f. á., og krafizt þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer umgetna arfsupphæð, 94 kr. 89²/₅ e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, svo og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af